

Fundargerð 117. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn þann 29. maí 2017, kl. 12.00 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir:

Sigurður Kári Kristjánsson,

Fjóla Hrund Björnsdóttir

Sigrún Árnadóttir,

Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri,

Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm. framkvstj. sem jafnframt ritaði fundargerð.

Inn á fund undir lið nr. 2 komu frá Ríkisendurskoðun, Sigurgeir Bóasson og Pétur Szklenár.

1. *Fundargerð síðasta fundar*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Ársreikningur og ársskýrsla*

Inn á fundinn undir þessum lið komu Sigurgeir Bóasson og Pétur Szklenár frá Ríkisendurskoðun.

Framkvæmdastjóri fór yfir ársreikning og samstæðu Þróunarfélagsins. Stjórn samþykkti og undirritaði ársreikninga félagsins.

3. *Samningur við KPMG.*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn samning við KPMG um framkvæmd sviðsmyndaverkefni. Stjórn samþykkti samninginn.

4. *Önnur mál*

*Sala íbúða á Ásbrú.*

Rætt var um sölu íbúða Íslenskra fasteigna á Ásbrú. Stjórn óskaði eftir upplýsingafundi með Íslenskum fasteignum.

*Mál framkvæmdastjóra.*

Stjórn ræddi mál framkvæmdastjóra. Máli var frestað til næsta fundar.


*Aðalfundur 2017.*

Áætlað er að halda aðalfund félagsins í lok júní.

Ekkert fleira var rætt undir önnur mál.

Næsti stjórnarfundur áætlaður í júní 2017.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.11



Fjóla Hrund Björnsd.